



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 4. nóvember 2015 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Steindór R. Haraldsson, Inga Rós Sævarsdóttir, og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fjárhagsáætlun 2016 – 2019 (fyrri umræða)

Fyrir fundinum lágu drög að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2016-2019 til fyrri umræðu. Sveitarstjóri og oddviti gerðu grein fyrir helstu forsendum og breytum í áætluninni. Sveitarstjórn ræddi áætlunina og fór yfir meginatriði hennar. Samþykkt að vísa áætluninni til annarrar umræðu.

2. Samningur um sóknaráætlun Norðurlands vestra

Fyrir fundinum lá samningur milli ríkisins og SSNV sem undirritaður var 10. febrúar 2015 og bréf framkvæmdastjóra SSNV dags. 17.10.2015. Í samningnum er ákvæði um árlegt framlag sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra til samningsins, alls 7.419.000 kr., sem skiptist milli sveitarfélaganna skv. höfðatölu. Þessi upphæð er sú sama og sveitarfélögin greiddu til menningarsamningsins á árinu 2014.

Sóknaráætlun Norðurlands vestra sem gerð er til fimm ára er þróunaráætlun landshlutans og felur í sér stöðumat landshlutans, framtíðarsýn, markmið og leiðir til að ná fram þeirri framtíðarsýn. Áætlunin skal að lágmarki marka stefnu landshlutans í eftirfarandi málaflokkum:

- a) Menningarmálum.
- b) Nýsköpun og atvinnuþróun.
- c) Uppbygging mannaúts.
- d) Lýðfræðilegri þróun svæðisins.

Í bréfi framkvæmdastjóra kemur fram að þar sem efni samningsins feli í sér fjárhagslegar kvaðir fyrir sveitarfélögin á Norðurlandi vestra þá sé hann sendur til sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga SSNV með ósk um staðfestingu þeirra.

Sveitarstjórn yfirfor fyrirbyggjandi gögn en staðfesti síðan samninginn fyrir sitt leyti og þær skuldbindingar sem af honum leiða. Staðfesting samningsins hefur ekki áhrif á fjárhag sveitarfélagsins á árinu 2015 og þarfnast því ekki ákvörðunar um viðauka við fjárhagsáætlun.

3. Bréf:

- a. Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytis, dags. 20. október 2015

Fyrir fundinum lá bréf Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 20. október 2015, þar sem tilkynnt er um úthlutun byggðakvóta sem nemur 300 þorskígildistönnum. Í bréfinu er vakin athygli á að engar efnislegar breytingar hafa verið gerðar frá reglugerð síðasta fiskveiðiárs, aðrar en magntölur hafa breyst. Í bréfinu kemur einnig fram að vilji sveitarstjórn leggja til við



ráðuneytið að sett verði sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins skuli hún skila rökstuddum tillögum sínum til ráðuneytisins eigi síðar en 10. nóvember 2015. Sveitarstjórn ræddi hvaða tillögur sé rétt að gera vegna sérstakra skilyrða og samþykkti að gera tillögu að sömu skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta og á síðasta kvótaári.

b. Bryndísar Valbjarnardóttur, sóknarpresturs dags. 20. október 2015

Með bréfinu óskar sóknarprestur eftir 50 þús. kr. styrkt til stuðnings við Æskulýðsfélag Hólaneskirkju til að sækja landsmót æskulýðsfélaga Þjóðkirkjunnar sem haldið var í Vestmannaeyjum 23.-25. október sl. þar sem 21 barn og þrjú leiðtogar sóttu mótið. Erindið var samþykkt.

c. Eftirlitsnefndar með fjármálum sv. fél. dags. 7. október 2015

Fyrir fundinum lá bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) þar sem bent er á að í 66. gr. sveitarstjórnarlaga sé fjallað um miklar fjárfestingar og skuldbindingar og að sveitarstjórn sé skylt að gera sérstakt mat á áhrifum slíkra fjárfestinga ef þær nema 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár. Með bréfinu er ókað eftir upplýsingum um hvort einhver af fjárfestingum sveitarfélagsins árið 2014 falli undir ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga um miklar fjárfestingar. Bréfið var til kynningar og vísað til svars í d-lið fundarins.

d. Svarbréf sveitarstjóra til EFS, dags 22. október 2015

Fyrir fundinum bréf sveitarstjóra til EFS þar sem kemur fram að skatttekjur sveitarfélagsins námu 243.149 þús. kr. og heildarfjárfestingar ársins voru 79.367 þús. eða 32,6% af skatttekjum. Í bréfinu er sundurliðun fjárfestinga þar sem kemur fram að enginn þeirra náði 20% marki og því hafi ekki verið ástæða til að gera sérstaka athugun á áhrifum þeirra skv. 66. gr. sveitarstjórnarlaga. Bréfið var til kynningar.

e. Tölvubréf Impru Nýsk.míðst. Íslands, dags. 12. október 2015

Fyrir fundinum lá tölvubréf frá Impru Nýsköpunarmiðstöð Íslands til Halldórs G. Ólafssonar þar sem kemur fram að Impru er tilbúin að fara af stað með verkefnið Ræsingur og miða það við Austur Húnavatnssýslu. Í bréfinu kemur einnig fram að forsenda fyrir verkefninu sé að fyrir liggi 3 milljónir króna. Nýsköpunarmiðstöð leggi fram 1 milljón, sveitarfélög á svæðinu 1 milljón og fyrirtæki, eitt eða fleiri 1 milljón. Í bréfinu er spurt hvort fjármögnun á svæðinu muni ganga, Nýsköpunarmiðstöð sé tilbúin með sinn hluta. Halldór útskýrði málið nánar og talsverðar umræður urðu um verkefnið Ræsingur. Samþykkt að fela Halldóri að vinna áfram að málinu.

4. Fundargerðir:

a. Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún 27.07.2015

Fundargerðin var til kynningar.



- b. Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún 15.09.2015

Fundargerðin var til kynningar.

- c. Stjórnar Tónlistarskóla A-Hún, 2.06.2015

Fundargerðin var til kynningar.

- d. Stjórnar Tónlistarskóla A-Hún, 30.09.2015

- i. Ársreikningur Tónlistarskóla Austur Húnavetninga 2014

Fundargerð og ársreikningur voru til kynningar.

- e. Fulltrúa aðildarsveitarfélag Róta bs 14. október 2015

Fundargerðin var til kynningar

- f. Stjórnar Róta bs., 20.10.2015

- i. Samþykktir fyrir byggðasamlagið Rætur bs.

- ii. Þjónustusamningur sveitarfélaga

Auk fundargerðarinnar lágu fyrir fundinum samþykktir Róta bs. og þjónustusamningur sveitarfélaga um málefni fatlaðst fólks. Í fundargerðinni kemur fram að stjórn Róta bs. felur verkefnisstjóra að ganga frá endanlegum texta í samræmi við tillögur ráðuneytis og senda aðildarsveitarfélögum Róta bs. samþykktirnar og þjónustusamning til staðfestingar og óska eftir afgreiðslu eigi síðar en 20. nóvember n.k.

Sveitarstjórn staðfesti samþykktir og þjónustusamning fyrir sitt leyti.

5. Önnur mál

Umræður urðu um umhverfismál og ferðamál.

Umræður urðu um íbúðir sveitarfélagsins og samþykkt að setja Suðurveg 4 á söluskrá.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 10.10

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson